

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

2. ml. 4. mgr. 18. gr. orðast svo: Læknisvottorði skal skilað til kennslusviðs skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

2. gr.

3. ml. 6. mgr. 18. gr. fellur brott.

3. gr.

3. ml. 8. mgr. 18. gr. orðast svo: Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist kennslusviði eigi síðar en á lokadegi skráningar.

4. gr.

11. mgr. 18. gr. orðast svo: Kennslusvið sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Það sér um að birta stúdentum einkunnir. Að liðnu ári frá prófdegi skal úrlausnum eytt.

5. gr.

12. mgr. 18. gr. orðast svo: Rektor ræður prófstjóra sem annast undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við deildarforseta og kennslusvið.

6. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, sbr. reglur nr. 888/1999, um Háskólann á Akureyri, með áorðnum breytingum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 27. september 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*